Mærin frá Mexíkó

Texti: Ólafur Gaukur Þórhallsson

Lag: Irving Burgess

Eitt sinn kom til mín yngismær
með augun blíð sem ljómuðu brún og skær.
Ég gerðist bráður og bað um hönd
og biddu fyrir þér, mér héldu engin bönd.

Ég var ungur þá og hýr á brá
en ekki féll henni við mig þó.
Hún kvaðst ei vilja væskilsgrey
og ég varð að skilja' hana eftir í Mexíkó.

Mætt hef ég síðan meyjafjöld
og margar buðu mér hjarta sitt auð og völd.
Að orðum þeirra ég aðeins hló,
mér efst í huga var mærin frá Mexíkó.

Ég var ungur þá og hýr á brá
en ekki féll henni við mig þó.
Hún kvaðst ei vilja væskilsgrey
og ég varð að skilja' hana eftir í Mexíkó.

Hvert sem fer ég um fjarlæg lönd,
hvert sem fleyið ber mig að sjávarströnd
Ætíð er lít ég í augun brún,
heitt ég óska að þarna stæði hún.

Því mín æskuást mun aldrei mást,
enga gleði mér lífið bjó,
þar til ég fer um fjarlæg ver
og færi hana burtu frá Mexíkó.

Höfundaskráning: https://static-media.guitarparty.com/pdf_songbooks/guitarparty-a4pg-44508-17801-23.pdf

Textaheimild: varðveitt söngtextaskjal úr safni Ragga Bjarna. Höfundar halda réttindum sínum.